

festist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, dags. 5. febrúar 1975.

*Samgönguráðuneytið, 19. desember 1979.*

**Magnús H. Magnússon.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## REGLUR

### um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

#### I. KAFLI

##### Almennt ákvæði.

##### 1. gr.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um endurgreiðslur á tollum vegna smíði, viðgerða og breytinga innanlands á skipum og bátum sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

Ákvæði III. kafla reglna þessara gilda ekki um skemmtibáta.

#### II. KAFLI

##### Um endurgreiðslur vegna nýsmíði.

##### 2. gr.

Þegar hafist er handa um nýsmíði skips skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það Siglingamálastofnun ríkisins á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagstekning.

Endurgreiðslur samkvæmt þessum kafla geta aðeins farið fram til skipasmíðastöðva sem hafa þegar er umsókn er lögð fram tilkynnt skattyfirvöldum slíka starfsemi sína og aflað heimildar til kaupa á vörum án söluskatts, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum.

##### 3. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir skipasmíðastöðvum áætlaðan toll af efni, vélum og tækjum svo sem hér segir:

- a) Af þilfarsskipum og -bátum 3.0%, sbr. 4. gr.
- b) Af opnum bátum 1.0%, sbr. 5. gr.
- c) Af aðalvél, minni en 400 hestöfl, mun ráðuneytið endurgreiða toll sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vörureiknings. Til aðalvélar heyrir í þessu sambandi skráfubúnaður með gir.

Af vél í þilfarsskip og -báta getur endurgreiðsla farið fram þegar stofnunin hefur staðfest að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði. Af vél í opna báta mun endurgreitt samtímis öðrum endurgreiðslum samkvæmt 5. gr. að lokinni úttekt og skráningu.

Til grundvallar útreikningi endurgreiðslufjárhæðar samkvæmt stafliðum a og b skal leggja samningsverð, en með samningsverði er átt við það verð sem samningsaðilar hafa samþykkt með undirritun upphaflegs smíðasamnings, sbr. 2. gr., svo og

viðbótarsamningum sem gerðir hafa verið á smíðatímabilinu, enda hafi afrit af viðbótarsamningum verið send Siglingamálastofnun.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendurgreiðslan samkvæmt 2. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þess við lokaendurgreiðslu.

#### 4. gr.

Endurgreiðslur tolla vegna smíði þilfarsskipa og -báta skv. 3. gr. geta farið fram í eftirgreindum áföngum gegn staðfestingu Siglingamálastofnunar hverju sinni að viðeigandi smíðastigi sé lokið:

1. 1% af upphaflegu samningsverði þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta (sektionir) þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskíp að ræða.
2. 1% af upphaflegu samningsverði þegar aðal- og ljósavélar eru komnar á undirstöður.
3. 1% af upphaflegu samningsverði, sbr. 2. gr. og 3.0% af viðbótarsamningsverði, sbr. 3. gr., þegar smíði skips er endanlega lokið og skipið hefur verið tekið út af Siglingamálastofnun ríkisins.

#### 5. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir toll vegna smíði opinna báta, sbr. 3. gr., þegar smíði er lokið, Siglingamálastofnun hefur tekið smíðina út og báturinn verið skráður lögum samkvæmt.

Sé opin þátur búinn tækjum og öryggisbúnaði umfram það, sem krafist er samkvæmt reglum þar að lútandi endurgreiðir ráðuneytið toll af honum sérstaklega gegn framvísun samrits aðflutningsskýrslu og vörureiknings, enda hafi kaupverð þessa búnaðar eigi verið innifalið í samningsverði því, sem tollendurgreiðsla samkvæmt þessari grein er byggð á.

#### 6. gr.

Telji skipasmíðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu skv. 3.—5. gr. getur hún sent Siglingamálastofnun sundurliðun yfir allar tollgreiðslur vegna skips eða báts á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal tilgreina vörutegund, magn, tollverð hvernar einingar, tollskrárnúmer og þá tollupphæð sem greidd hefur verið. Samrit aðflutningsskýrslna ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, verði því við komið.

#### 7. gr.

Geti skipasmíðastöð ekki framvísað tollskjölum skv. 2. mgr. 6. gr. yfir innfluttar vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstökum eyðublöðum. Á þeim skal tilgreina heiti vörunnar, magn, kaupverð án söluskatts, tollskrárnúmer og upphæð þá sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deildri með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun skulu fylgja reikningar er sýni verð einstakrar vörutegundar án söluskatts.

#### 8. gr.

Geti ráðuneytið fallist á sundurliðun skv. 6. og 7. gr. fer fram uppgjör á þann hátt að skipasmíðastöð verða endurgreiddir tollar þeir sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim sem þegar hafa verið inntar af hendi, sbr. 1. til 3. tl. 4. gr. reglna þessara.

## 9. gr.

Nú fer hluti smíði skips fram erlendis og skal þá samningsverð lækkað, sem nemur kaupverði hins erlenda verkþáttar. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi að mati ráðuneytisins getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Sé smíði skips eða samningsgerð um það svo sérstæð að mati Siglingamálastofnunar að endurgreiðslur tolla verði eigi miðaðar við meðaltalsreglur 3. gr. getur ráðuneytið ákveðið tollendurgreiðslur að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar.

Þegar skip er smíðað fyrir eigin reikning og því ekki hægt að leggja ákvæðið samnings- eða söluverð til grundvallar endurgreiðslu tolla skv. 3. gr. mun ráðuneytið áætla „samnings- eða söluverð“ þess að fengnum tillögum Siglingamálastofnunar sem gerðar skulu með hliðsjón af verði sambærilegra skipa smíðuðum hér á landi.

## III. KAFLI

## Um endurgreiðslur vegna viðgerða og breytinga á skipum.

## 10. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir toll af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða og breytinga á skipum og bátum, þó ekki skemmtibátum, sbr. 1. gr., enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðsla nemi minnst kr. 250 000.

Sé söluskattur jafnframt endurgreiddur, sbr. 19. tl. 13. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum eða önnur gjöld, skal heimilt að endurgreiða toll þrátt fyrir að tilskildri lágmarksfjárhæð samkvæmt 1. mgr. sé eigi náð, enda nái samanlögð fjárhæð greidds tolls, söluskatts eða annarra gjalda þeirri lágmarksfjárhæð sem kveðið er á um í þessari grein.

## 11. gr.

Ráðuneytið endurgreiðir toll að fullu af innfluttum vélum og tækjum svo og öðru sérinnfluttu tollskyldu efni, sbr. þó 10. gr., enda leggi umsækjandi fram samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) og vörureikning yfir viðkomandi vél eða tæki. Geti umsækjandi eigi lagt fram tilskilin gögn samkvæmt þessari málsgrein skal heimilt að endurgreiða umsækjanda toll samkvæmt næstu málsgrein.

Af öðru innfluttu tollskyldu efni endurgreiðir ráðuneytið 4.5% af kaupverði efnis án söluskatts, sbr. þó 10. gr. Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja frumrit reiknings er sýni kaupverð efnis þar sem söluskattur er sérstaklega tilgreindur. Hafi söluskattur eigi verið innheimtur við sölu, skal reikningur bera með sér að efnivaran hafi verið keypt samkvæmt sérstöku skírteini er veitir heimild til kaupa á vörum án greiðslu söluskatts. Vörureikningur skal bera með sér að efnivara sé keypt vegna tiltekinnar viðgerðar.

Með umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt þessari grein skal fylgja heildar-reikningur, er tilgreina skal eftirfarandi:

1. Innflutt tollskyldt efni, samkvæmt meðfylgjandi aðflutningsskýrslum.
2. Innflutt tollskyldt efni keypt af innlendum birgðum.
3. Tollfrjálst efni og innlend framleiðsla.
4. Greidd vinnulaun.
5. Annan kostnað.

## 12. gr.

Endurgreiðsla skv. 10. og 11. gr. fer fram til skipseiganda. Þó skal heimilt að láta endurgreiðslur renna til viðgerðaraðila, enda hafi því verið lýst yfir í umsókn um endurgreiðslu af báðum aðilum, að endurgreiðslur skuli renna til viðgerðaraðila og aðflutningsskýrslur og/eða vörureikningar beri það greinilega með sér að efnivaran sé keypt vegna tiltekinnar viðgerðar.

## 13. gr.

Umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt þessum kafla skal fylgja verklýsing sem staðfest skal af Siglingamálastofnun, enda fylgist fulltrúi hennar með verkinu frá upphafi og taki það út.

## IV. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 14. gr.

Umsóknir um endurgreiðslur tolla samkvæmt reglum þessum skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum sem Siglingamálastofnun lætur í té.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina, að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar og þau jafnframt undirrituð.

Umsóknir um endurgreiðslur skulu sendar Siglingamálastofnun og hafa borist innan árs frá því að nýsmíði, viðgerð eða breytingu lauk.

## 15. gr.

Skipasmíðastöð eða skipseigandi, sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum, skal tilgreina endurgreiddan toll sérstaklega í skattframtali sínu, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í gögnum með honum, undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð og fjárhæð hennar.

## 16. gr.

Rangar eða villandi yfirlýsingar eða framlagning rangra eða villandi skjala í þeim tilgangi að hafa áhrif á endurgreiðslufjárhæð samkvæmt reglum þessum og fá ívilnun á tolli varðar við 63. gr. laga nr. 59 28. maí 1959 um tollheimtu og toll-eftirlit.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Nú verður umsækjandi um endurgreiðslu tolla samkvæmt reglum þessum uppvís að því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 16. gr., og getur ráðuneytið þá sýnað um endurgreiðslu.

## 18. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1980. Frá sama tíma er úr gildi felld auglýsing nr. 224 23. desember 1971 um sama efni og auglýsing nr. 172 30. mars 1978 um breytingu á þeirri auglýsingu.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan lög nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum eru í gildi eða þau framlengd óbreytt skulu ákvæði reglna um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða gilda um endurgreiðslu gjalds þessa eftir því sem við geta átt, með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 2. og 3. mgr. hér að neðan.

Heildarendurgreiðsluprósentu vegna nýsmíði þilfarsskipa og -báta, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr. skal vera 3% hærri en þar segir vegna álagningar nefnds vörugjalds, sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og í þeim áföngum sem kveðið er á um í 4. gr. reglna þessara. Heildarendurgreiðsluprósentu vegna nýsmíði opinna báta, sbr. b-lið 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 3. gr., skal vera 1% hærri en þar

segir vegna álagningar og ofangreinds vörugjalds og skal endurgreitt með sama hætti og kveðið er á um endurgreiðslu tolls skv. 5. gr. reglna þessara.

Af sérinnfluttu efni til skipaviðgerða skal nefnt vörugjald endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu, sbr. 1. mgr. 11. gr. Heildarendurgreiðslu-prósenta af öðru gjaldskyldu innfluttu efni til skipaviðgerða skal vegna álagningar vörugjalds vera 4.5% hærri en kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglna þessara.

Um endurgreiðslur tolla vegna nýsmíði skipa og báta sem smíði er hafin á og tilkynnt Siglingamálastofnun, sbr. 2. gr., fyrir gildistöku reglna þessara skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 224/1971 að því er varðar þá smíðaáfang, sbr. 3. gr., sem lokið er við og sótt um endurgreiðslu vegna fyrir gildistöku þessara reglna. Sama skal gilda eftir því sem við getur átt um endurgreiðslur tolla vegna viðgerða eða endurbóta á skipum og bátum, enda hafi umsókn um endurgreiðslu borist Siglingamálastofnun fyrir gildistöku reglna þessara.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1979.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976  
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 16 800 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 1 400 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502 23. janúar 1979.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1979.*

**Vilmundur Gylfason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

um búfjárhald í Borgarnesi.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Borgarnesi án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar.